

Ár 2008, föstudaginn 4. júlí, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

## **Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Landspítala**

### **I.**

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Kjararáð hefur ekki áður úrskurðað um laun forstjóra Landspítala. Fráfarandi forstjóri lét nýlega af störfum en laun sem honum voru greidd voru ekki samkvæmt ákvörðun kjaranefndar, fyrirrennara kjararáðs. Auglýst hefur verið eftir nýjum forstjóra og er miðað við að hann taki til starfa 1. september næstkomandi. Af því tilefni og með vísan til 1., 8. og 10. gr. laga um kjararáð eru launakjör forstjóra Landspítala því tekin til ákvörðunar nú.

### **II.**

Með bréfum dagsettum 19. júní 2008 var heilbrigðisráðuneyti og fjármálaráðuneyti gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum vegna málsins. Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 26. júní 2008. Í bréfinu kom fram að því væri ekki kunnugt um hvaða breytingar hefðu orðið á starfsemi Landspítala né heldur ástæðu þess að ráðið hefði ákveðið að taka launakjör forstjórans til endurskoðunar og ætti því í nokkrum vandræðum með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Heilbrigðisráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 30. júní 2008. Í bréfinu sagði meðal annars að Landspítali væri aðalsjúkrahús landsins og háskólasjúkrahús. Á spítalanum væri veitt sérhæfð sjúkrahúsjónusta fyrir alla landsmenn, meðal annars á slysa- og bráðadeildum og dag- og göngu- deildum auk almennrar sjúkrahúsjónustu fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins. Landspítalinn væri stór stofnun með flókna starfsemi, áætluð velta sjúkrahússins samkvæmt fjárlögum 2008 væri um 36 milljarðar, sem væri um 35% af heildarútgjöldum heilbrigðisráðuneytisins og um 8,2% af áætluðum útgjöldum ríkisins. Landspítalinn væri stærsti vinnustaður landsins, þar störfuðu um 5.000 starfsmenn í um 3.800 stöðugildum. Menntunarstig starfsmanna væri mjög hátt. Á hverju ári stunduðu tæplega 1.000 nemendur í heilbrigðisgreinum verklegt nám á spítalanum. Til spítalans væru gerðar miklar kröfur um gæði þjónustu og hagkvæmni í rekstri. Starf forstjóra væri því í senn afar mikilvægt, vandasamt og umfangsmikið. Á honum hvíldi mikil ábyrgð, sambærilegt starf fyndist ekki innan íslenska heilbrigðisgeirans og þótt víðar væri leitað innan ríkisins. Velta næststærsta sjúkrahússins, Sjúkrahússins á Akureyri væri um 12% af umfangi Landspítalans. Ráðuneytið benti á að fráfarandi forstjóri hefði tekið að sér að sameina Landspítala og Sjúkrahús Reykjavíkur og mundi hann hafa fengið greitt í hlutfallslegu samræmi við það. Þá vildi ráðuneytið benda á að fyrir starf nokkurra af æðstu læknisfræðilegum stjórnendum Landspítala væru greiddar 1,1 – 1,4 milljónir kr. á mánuði sem hefði verið ákveðið með kjarasamningum og af fráfarandi forstjóra Landspítala. Þegar launakjör forstjóra Landspítala væru endurskoðuð og horft á ábyrgð og umfang starfsins teldi ráðuneytið einnig að hafa bæri hliðsjón af launakjörum forstjóra Landsvirkjunar og Ríkisútvarpsins. Bréfi ráðuneytisins fylgdu nánari upplýsingar um dagleg störf á spítalanum.

### **III.**

Lög nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu tóku gildi 1. september 2007. Í lögnum eru ákvæði um Landspítalann ítarlegri en í eldri lögum. Þar er jafnframt skýrt kveðið á um stöðu og ábyrgð forstjóra heilbrigðisstofnana sem æðstu yfirmanna þeirra. Stjórnarnefnd um Landspítala var lögð niður en í staðinn er kveðið á um ráðgjafarnefnd spítalans. Í 20. gr. laganna er fjallað sérstaklega um spítalann. Þar segir að Landspítalinn sé aðalsjúkrahús landsins og háskólasjúkrahús. Hann veiti sérhæfða sjúkrahúsjónustu fyrir alla landsmenn og almenna sjúkrahúsjónustu fyrir íbúa heilbrigðisumdæmis höfuðborgarsvæðisins. Hlutverk hans sé að:

- veita heilbrigðisþjónustu, m.a. sérfræðiþjónustu í nær öllum viðurkenndum greinum lækni- og hjúkrunarfræði,
- annast starfsnám háskólanema og framhaldsskólanema í heilbrigðisgreinum,
- stunda vísindarannsóknir á heilbrigðissviði,
- veita háskólamenntuðum starfsmönnum sérmenntun í heilbrigðisgreinum,
- gera fagfólki kleift að sinna fræðistörfum við háskóla og við sjúkrahúsið,
- starfrækja blóðbanka á landsvisu.

Þá segir að níu manna ráðherraskipuð ráðgjafarnefnd sé forstjóra og framkvæmdastjórn til ráðgjafar, meðal annars um árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir og langtímastefnu. Landspítalanum sé heimilt með samþykki ráðherra að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum sem eru hlutfélög eða sjálfseignarstofnanir og stunda framleiðslu og sölu í því skyni að hagnýta og þróa niðurstöður rannsókna sem spítalinn vinnur að hverju sinni. Forstjóri spítalans fari með eignarhlut spítalans í slíkum fyrirtækjum.

Í 9. gr. laganna segir að forstjórar heilbrigðisstofnana séu skipaðir af heilbrigðisráðherra til fimm ára í senn. Þeir skuli hafa háskólamenntun og/eða reynslu af rekstri og stjórnun sem nýtist í starfi. Engan megi skipa forstjóra heilbrigðisstofnunar nema þriggja manna ráðherraskipuð matsnefnd hafi talið hann hæfan. Fulltrúar í matsnefndinni skuli hafa þekkingu á rekstri, starfsmannamálum, stjórnsýslu og heilbrigðisþjónustu. Ráðherra setji forstjóranum erindisbréf þar sem tilgreind skuli helstu markmið í þjónustu og rekstri stofnunarinnar og verkefni hennar til lengri og skemmri tíma. Forstjóri beri ábyrgð á að stofnunin starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Hann beri ábyrgð á þeirri þjónustu sem stofnunin veitir og að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Forstjóri ráði annað starfsfólk. Í 12. gr. segir að við heilbrigðisstofnun skuli starfa framkvæmdastjórn undir yfirstjórn forstjóra. Framkvæmdastjóri lækninga og framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirmenn skuli sitja í framkvæmdastjórn ásamt forstjórá. Forstjóri skuli leita ráðgjafar og álits framkvæmdastjórnar áður en hann tekur mikilvægar ákvarðanir sem varða þjónustu og rekstur stofnunar. Ráðherra geti í reglugerð kveðið nánar á um starfsemi Landspítalans og þá þjónustu sem honum ber að veita. Reglugerð hefur ekki verið sett.

Til starfsemi Landspítala eru á fjárlögum 2008 ætlaðir um 35,5 milljarðar króna, þar af eru um 2,5 milljarðar sértekjur. Starfsmenn eru um fimm þúsund í um fjögur þúsund stöðugildum. Í framkvæmdastjórn Landspítala sitja auk forstjóra, framkvæmdastjóri fjárreiðna og upplýsinga, framkvæmdastjóri hjúkrunar, framkvæmdastjóri lækninga, framkvæmdastjóri kennslu, vísinda og þróunar og framkvæmdastjóri tækni og eigna. Starfsemi spítalans er skipt upp í a.m.k. tuttugu svið auk stöðdeilda. Við spítalann starfa lækna- og hjúkrunarráð sem skulu vera forstjóra og framkvæmdastjórn til ráðuneytis um fagleg atriði í rekstri heilbrigðisstofnunar. Ber að leita álits fagráða um mikilvægar ákvarðanir sem varða heilbrigðisþjónustu stofnunarinnar, þar á meðal eftir því sem við á álits lækna- og hjúkrunarráðs um lækniþjónustu og álits hjúkrunarráðs um hjúkrunarþjónustu, sbr. 13. gr. laganna.

#### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Kjararáð hefur ekki áður úrskurðað um laun forstjóra Landspítalans, svo sem fyrr segir. Landspítalinn er langstærsta stofnun íslenska ríkisins hvort heldur litið er til fjárhagslegra umsvifa vegna starfseminnar eða til fjölda starfsfólks. Starfsemin er flókin og sérhæfð og starfsmenn eru með mikla menntun og há laun sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga, oft fyrir mikla vinnu. Við undirbúning þessarar ákvörðunar hefur ráðið kannað laun forstjóra ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja sem ekki eru ákveðin af kjararáði, en þar á meðal eru nokkur stór ríkisfyrirtæki. Hefur ráðið haft hliðsjón af

þeim launum við ákvörðun launa forstjóra Landspítalans. Þá hefur verið leitast við að tryggja eðlilegt samræmi milli launa forstjórans og heildarlauna annarra æðstu stjórnenda á spítalanum.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að frá 1. september 2008 skuli laun forstjórans vera sem segir í ákvörðunarorði.

**V.**

**Ákvörðunarorð**

Mánaðarlaun forstjóra Landspítala skulu vera samkvæmt 161. flokki í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 1.618.565 krónur. Ekki er greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Landspítala gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

---

Guðrún Zoëga

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Rannveig Sigurðardóttir